

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 6. september 2019
UST201908-198/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Rangárþingi ytra - Varmidalur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 23. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Varmadal í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til um 12 ha frístundabyggðar en þar er gert ráð fyrir fjórum lóðum með byggingarreitum, en innan byggingareits er heimilt að byggja allt að 150 m² frístundahús, 100 m² skemmu og 50 m² gestahús.


Votlendi

Norðan til á svæðinu er votlendi með m.a. vistgerðarnar starungsmýravist og starungsflóavist sem hafa mjög hátt verndargildi. Tillagan gerir ráð fyrir að framkvæmdir og rask verði sunnan til á svæðinu sem muni ekki hafa áhrif á votlendisvistgerðirnar og telur því stofnunin að tillagan muni ekki hafa ekki neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur